

Reykjavík 16. febrúar 2020

Umsögn Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða þakkar fyrir tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum hvað varðar framtíðarskipan tónlistarnáms í borginni. Það er afar mikilvægt að jafna aðstöðu barna til tónlistarnáms.

Margt mjög gott kemur fram í skýrslunni og stefnunni. Það sem við gerum helst athugasemd við er að okkur finnst vanta er að jöfnuður og aðgengi að tónlistarnámi sé rýnt út frá fleiri þáttum en hverfum. Það er nefnt á einum stað í skýrslunni að margir þættir spili inn í en þetta ætti að draga fram sem eitt af forgangsatríðum.

**-Tam. Þarf að rýna sérstaklega aðgengi barna af erlendum uppruna sem og fatlaðra barna að tónlistarnámi og koma með tillögur að aðgerðum til þess að auka aðgengi þeirra að tónlistarnámi.**

Ef stefnan hefur ekki verið send til *Aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík* til umsagnar þá óskum við eftir að það verði gert.

**-Einnig þarf að rýna aðstöða til tónsköpunar, samspils og spuna í víðu samhengi, æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir ungmenna og grasrótarstarf í hverfum.**

**- Taka mætti sérstakan snúning á fjarkennslu og kennsluháttum því tengdu byggt á reynslu síðasta árs.**

**- Skoða vel á hvaða forsendum ný hljómsveit verður til og hvar er mest þörf fyrir hana.**

Hér á eftir er nánari útlitun á þessum atriðum.

### **1. Þátttaka barna af erlendum uppruna:**

Það er tekið fram í skýrslunni að eitt af útgangspunktum skýrslunnar sé að hafa í heiðri 31 gr Barnasáttmála en þar segir "Öll börn eiga rétt á hvíld, leik og að taka þátt í menningarlífi." Samt ekki að sjá hvort hafi verið greint hversu mikil þátttaka barna af erlendum uppruna sé í tónlistarnámi í borginni. Hvorki í skólalúðrasveitum né í tónlistarskólum sem borgin greiðir til allan kennslukostnað og stjórnunarkostnað. Sem dæmi má nefna að ein skólalúðrasveitin sem hefur um 130 nemendur, sveit sem þjónar um 6-7 skólum í Árbæ, Breiðholti og Norðlingaholti sé með 6 nemendur í Fellaskóla og 1 nemanda skráðan í Hólabrekkuskóla. Mikill mannauður og menningarleg breidd er í þessum hverfum og því þarf að greina þátttöku út frá því. Miðborg og Hlíðar búa einnig að miklum mannauð og menningarlegri breidd og okkur þykir mikilvægt að þetta sé rýnt í hverfum 101 og 105. Samkvæmt tölulegri greiningu eru flest börn sem iðka tónlistarnám sem borgin greiðir fyrir í hverfum 105. Þar er ein skólalúðrasveitir en nokkrir einkareknir tónlistarskólar sem borgin greiðir launa- og stjórnunarkostnað fyrir. Engin greining liggur þar fyrir né aðgerðaráætlun um hvernig og hvort megi bæta úr með börn með erlendan bakrunn.

## **2. Aðgengi barna með ólíka færni að tónlistarnámi:**

Öll börn eiga rétt á tónlistarnámi, líka fötluð börn. Það kemur fram í barnasáttmálanum og samningi sameinuðu þjóðana um málefni fatlaðs fólks. Í skýrslunni kemur ekkert fram um að auka aðgengi fatlaðra barna að tónlistarnámi og með hvaða hætti á að gera það. Það þyrfti að kanna það sérstaklega hvort fötluð börn hafa aðgengi að tónlistarnámi og gera aðgerðaplan til þess að auka aðgengi þeirra að tónlistarnámi í tónlistarskólum og skólahljómsveitum. Íslensk rannsókn sem gerð var við LHÍ sýndi að aðgengi fatlaðra barna að tónlistarnámi var verulega ábótavant. Jafnframt þarf að huga að stuðningi og fræðslu fyrir tónlistarkennara ef þarf til þess að kennarar séu vel í stakk búin til að taka á móti nemendum með ólíka færni.

## **3. Aðstaða til tónsköpunar, samspils og spuna**

Mikilvægt er að það séu rými í borginni til fjölbreyttrar tónsköpunar og náms í víðu samhengi. Æfingaaðstaða sem má nálgast eftir að skóla líkur er lykilatriði fyrir ungt tónlistarfólk. Slíkt er til staðar í sumum félagsmiðstöðvum en alls ekki öllum. Það þyrfti að græja svona rými í öllum hverfum. Mögulega í skólum, félagsmiðstöðvum, samfélagshúsum etc. Jafnframt þyrfti að styðja við grasrótastarf í tónlistarkennslu, smíðjur og tónlistarnám sem fellur utan hins hefðbundna ramma tónlistarskóla og skólahljómsveita.

## **4. Einkatímar í fjarkennslu:**

Nú í miðju C-19 má sjá hvernig tónlistarskólar hafa nýtt sér netið til að kenna sínum nemendum. Ekki er að sjá í skýrslunni að slík ráðstöfun megi skoða til frambúðar sem lausn fyrir þau börn sem eiga síður heimangengt í einkatíma. Auðvitað er samspilsþátturinn (hljómsveitarþátturinn) nauðsynlegur og verður hann ekki leystur með fjarkennslu en mikilvægt að nýta sér og þróa þá þekkingu sem hefur orðið til.

## **5. Í skýrslunni er talað um bæði að það verði að lækka mögulegan rekstarkostnað á skólasveitum og smærri einingum tónlistarskóla til að ná stjórnunarkostnaði niður og til að samnýta aðstöðu og búnað. Jafnframt kemur fram hugmynd um að koma á fót einni skólasveit til viðbótar í borginni. Ekki er talað um hvaða hverfi ætti þá að þjónusta eða hvar þörfin sé til staðar en það er lykilatriði. Skoða þarf hvort megi gera meira í að hagræða í kennslu t.d að sameina kennslustöður til að nýta á milli skóla og skólasveita. T.d eru samtals 48 slaverks- og trommunemdur við nám í borginni. Full kennslustaða er 16 nemendur á mánuði, þannig hér má skoða hvort hægt sé að nýta kennslustöður betur og um leið þá fé.**